Minnisblað til þingnefndar

Viðtakandi	Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis	**Dagsetning**	07.10.2026
Sendandi	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið	**Málsnúmer**	URN26060109

Lagatæknilegt samræmi frumvarps um breytingu á lögum nr. 80/2012 um menningarminjar

Vísað er til beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar dags. 24. september 2026 um minnisblað um mál 3 - menningarminjar (álitsskylda vegna húsa og mannvirkja). Óskað var þar eftir ábendingum um málið sem ráðuneytið telur tilefni til að koma á framfæri við nefndina, sem og tillögu að útfærslu á mögulegri breytingu á 1. ml. 3. mgr. 30. gr. ásamt skýringu á henni.

Tilefni

Við yfirferð ráðuneytisins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, sem nefndin hefur nú til meðferðar, hefur komið í ljós lagatæknilegt álitaefni sem varðar innbyrðis samræmi 30. gr. laganna og tengsl hennar við 6. mgr. 13. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lagt til að afnema fortakslausa skyldu eigenda og forráðamanna til að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í stað hennar komi heimild til álitsumleitunar og heimild byggingarfulltrúa til að gera slíka álitsumleitan að skilyrði. Markmiðið er að gera aðkomu Minjastofnunar markvissari og draga úr stjórnsýslubyrði.

Ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar

Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er aðeins lögð til breyting á 2. málsl. 3. mgr. 30. gr. Verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd mun fyrsti málsliður málsgreinarinnar þar af leiðandi standa óbreyttur, en hann hljóðar svo í núgildandi lögum:

„Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein.“

Þar sem aldursafmörkun 1. mgr. verður felld brott mun greinin ná til allra ófriðaðra húsa og mannvirkja á landinu óháð byggingarári. Óbreyttur 1. málsl. 3. mgr. kann því samkvæmt orðanna hljóðan að fela í sér að álit Minjastofnunar verði ávallt að liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt vegna framkvæmda sem falla undir greinina, þó svo að hvorki hafi eigandi leitað álits, né byggingarfulltrúi gert slíkt að skilyrði.

Slík niðurstaða gengi gegn markmiði frumvarpsins og gæti leitt til verulegra tafa við afgreiðslu byggingarleyfa.

Lagt er til að 3. mgr. 30. gr. orðist svo:

„Hafi álits Minjastofnunar Íslands verið leitað á grundvelli 1. mgr. eða byggingarfulltrúi gert gert kröfu þar um skv. 2. mgr. skal það liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt vegna viðkomandi framkvæmdar. Við afgreiðslu umsóknar um byggingarleyfi skal taka tillit til

skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.“

Ákvæði laga um mannvirki

Samhliða framangreindu er lagt til að breyta 6. mgr. 13. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sem hljóðar svo:

„Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir IV., VI. og VII. kafla laga um menningarminjar fyrr en álit Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.“

Ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar er í VII. kafla laganna. Ákvæði mannvirkjalaga myndi því áfram fela í sér sjálfstæða og fortakslausa skyldu til að bíða eftir áliti Minjastofnunar, þótt 30. gr. yrði breytt í samræmi við markmið frumvarpsins.

Til að tryggja samræmi laganna, án þess að breyta kröfum vegna annarra ákvæða IV., VI. og VII. kafla laga um menningarminjar, er lagt til að 6. mgr. 13. gr. mannvirkjalaga orðist svo:

„Áður en gefið er út byggingarleyfi fyrir mannvirki skal gætt, eftir því sem við á, ákvæða IV., VI. og VII. kafla laga um menningarminjar.“

Með framangreindri tillögu verður til samræmi við þá leið sem farin er í 6. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þ.e. að látið er nægja að vísa til laga um menningarminjar að þessu leyti í stað þess að í lögum um mannvirki sé efnislegt innihald 30. gr. laga um menningarminjar að hluta til endurtekið. Að sama skapi verður auðveldara að breyta 30. gr. laga um menningarminja síðar, komi til þess, ef þessi leið er farin.

Niðurstaða

Lagt er til að nefndin leggi til breytingar á bæði 3. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar og 6. mgr. 13. gr. laga um mannvirki. Breyting á 30. gr. einni og sér nægir ekki til að ná markmiðum frumvarpsins.

Vegna breytingarinnar á mannvirkjalögum þarf jafnframt að víkka efni og heiti frumvarpsins. Heiti þess gæti orðið:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012, og lögum um mannvirki, nr. 160/2010 (álit Minjastofnunar Íslands vegna húsa og mannvirkja).